

Framkvæmdaráðsfundur, haldinn 03.09. 2021 á Zoom vegna aðstæðna í þjóðfélaginu

Fundarsetning kl. 17

Mættar eru: Stjórn landssambandsins: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannsdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Frá deildum: Erna Árnadóttir Alfadeild, Hildur Hauksdóttir Betadeild, Edda Pétursdóttir Gammadeild, Jónína Erna Árnadóttir Deltadeild, Ingibjörg Ingadóttir Epsilondeild, Guðmunda Vala Jónasdóttir Zetadeild, Björg Kristjánsdóttir Etadeild, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir Þetadeild, Barbara Gunnlaugsson Iotadeild, Hulda Anna Arnljótsdóttir Kappadeild, Jódís Káradóttir Lambdadeild, Katrín Fjóra Guðmundsdóttir Mýdeild, Kristín Guðbjörg Snæland Nýdeild.

Frá nefndum: Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild, lögsögumaður

Aðrir gestir: Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild, heiðursgestur

Dagskrá

1. Kveikt á kertum

Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti DKG, setur fundinn og kveikir á kertum **vináttu, hjálpsemi og trúmennsku** (VTH). Umræða um tákni kerta og rósa og mikilvægi þess að hafa þessar tákni myndir sýnilegar í bakgrunni á rafrænum fundum.

2. Markmið samtakanna

Aníta Jónsdóttir, 1. varaforseti, les upp markmið samtakanna en þau er að finna á heimasíðu samtakanna undir: Markmið - Stefna - Sýn.

3. Orð til umhugsunar

Guðný Helgadóttir, 2. varaforseti, fer með Orð til umhugsunar. Í orðum hennar er komið inn á þær breytingar og áskoranir sem félagið hefur staðið frammi fyrir á tímum Covid-19 og hvernig hefðin hefur tekist á við þær. *Tæklaðu það með tækninni* voru skilaboð til félagskvenna á fordómalausum tímum síðastliðið eitt og hálf ár. Guðný bendir á að við slíkar aðstæður sé auðvelt að missa kjarkinn en DKG konur hafi ekki gert það heldur hafi þær endurspeglað inntak æðruleysisbænarinnar og fundið sínar leiðir til að láta lífið ganga sinn vanagang. Guðný bendir á að þrátt fyrir það hafi starfið á þessum tíma ekki farið varhluta af ástandinu og erfitt sé að meta áhrifin til langs tíma. Þrátt fyrir erfiðleika og áskoranir sem hefðin hefur staðið frammi fyrir þá er einsýnt að ástandið leysti úr læðingi nýja möguleika í starfsemi félagsins. Tilkoma tækninnar gerir það að verkum hægt er að halda fundi þannig að t.d. ófærð á landsbyggðinni þarf ekki að vera hindrun. Niðurstaða Guðnýjar í erindinu er: *Notum tæknina*.

4. Kynning á nýrri stjórn landssambands DKG

Stjórnarkonur, Guðrún Edda, Aníta, Guðný, Þorgerður og Elísabet kynna sig stuttlega. Einnig kynna sig gjaldkerinn, Kristín, og vefstjórinn, Eygló en þær sitja stjórnarfundum.

5. Formenn deilda kynna sig og tjá sig um hvernig DKG skiptir máli þá máli.

Margt áhugavert kemur fram í kynningu formanna deilda. Rauður þráður í því sem formenn telja að skipti þá máli eru þættir eins og: áhugi á menntamálum, lærdómur, öflugt tengslanet og einlæg vinátta og hinn mikli styrkur sem felst í því að vera meðlimur í DKG.

6. Formenn nefnda og aðrir gestir fundarins kynna sig

- 1) Laganefnd - Jóna Benediktsdóttir, lotadeild
- 2) Gjaldkeri - Kristín Helgadóttir, Þetadeild
- 3) Vefstjóri - Eygló Björnsdóttir, Betadeild
- 4) Lögsögumaður - Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild
- 5) Heiðursgestur - Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild

7. Kynning á skipun í innendar nefndir og tillaga Guðrún E. Bentsdóttur að gjaldkera, vefstjóra og lögsögumanni

Guðrún Edda fer yfir tillögur um skipun í innendar nefndir og tillögur um gjaldkera, vefstjóra og lögsögumann sem kynntu sig í lið hér á undan. Ekki er búið að fullskipa í allar nefndir en stjórnin vinnur að lausn á því.

8. Erindi um formenn deilda sem leiðtoga Ingibjörg Jónasdóttir

Ingibjörg, sem er þátttakandi í alþjóðlegri nefnd, Intern Leadership Development Committee, fjallar um hið mikilvæga hlutverk sem formenn deilda skipa sem leiðtogar í DKG starfinu. Ingibjörg talar af mikilli þekkingu á efninu og í ræðu hennar mátti finna hlýlegan hvatningartón til formanna deilda þar sem hún hvatti þá til að finna sinn eigin stjórnunarhæfileika, að nýta eigin styrkleika í takt við styrkleika systra, byggja upp teymi, leita eftir aðstoð, og vera heiðarlegir og framsýnir leiðtogar í formannshlutverkinu. Formaðurinn er andlit deildar og því er mikilvægt að hann sé fyrirmynd og að hann kynni sér lög félagsins, hafi gott skipulag á starfinu og setji og virði tímamörk. Umfram allt á formaður að halda uppi góðum anda í deild sinni, deila með sér verkefnum og gera aðra í deildinni að góðum leiðtogum með sér til þess að byggja upp gott teymi í deild sinni. Í samvinnunni felst máttur og í systurum DKG er mikill fjársjóður fólgin og mikilvægt er fyrir deildir að njóta þess mannauðs sem teymi þeirra hafi að geyma. Að erindi loknu sýnir Ingibjörg myndband af flugi gæsa þar sem samvinna þeirra á flugi sýnir mátt gæsa hópsins. Tilgangur myndbandsins var að sýna hvernig teymisvinna skilar hópnum árangri, hvernig þær gæsir sem deila saman stefnunni komast lengst með samvinnu sín á milli á fluginu og með hvatningarhljóðum. Erindi eins og þetta í flutningi Ingibjargar Jónasdóttur er svo sannanlega vítamínsprauta fyrir DKG formennina og aðra gesti sem á hlýddu.

9. Langtímaáætlun DKG til næstu 10 ára Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir/GEB

Ingibjörg Elsa, fráfarandi forseti, kynnir lauslega langtímaáætlun sem samþykkt var af fyrri stjórn í apríl síðastliðnum. Guðrún Edda gerir grein fyrir því að langtímaáætlunin var send út til formanna deilda í vor með hugleiðingu um hvað okkur er ætlað að gera, hvernig við

getum gert það sem ætlast er til af okkur og að hverju skal stefnt. Út frá markmiðum langtímaáætlunar hefur stjórn lagt drög að framkvæmdaáætluninni sem kynnt verður eftir hlé en þar eru valin verkefni til að leggja áherslu á næstu 2 starfsárum nýkjörinnar stjórnar.

10. 19:00-20:00 Kvöldverðarhlé

11. Drög að framkvæmdaáætlun lögð fram

Guðrún Edda leggur fram framkvæmdaáætlun og ræðir einstaka þætti hennar eins og kraftinn í félagskonum og hvernig hægt er að gera hann sýnilegri út á við. Hvetur hún formenn deilda til að fá konur sem vinna að áhugaverðum verkefnum til að kynna þau öðrum félagskonum. Einnig leggur hún áherslu á að formenn kynni sér og miðli til sinna félagskvemma upplýsingum um nám og námsstyrki sem hægt er að sækja á alþjóðavettvangi og tekur hún t.d. Ingibjörgu Jónasdóttur sem dæmi um það. Hún viðrar einnig það viðhorf að lítil áhugi væri almennt innan deilda á því að kynna starfið með einhvers konar fjáröflun. Að endingu segir Guðrún Edda frá samskiptum við erlendar deildir.

12. Umræður um hvernig við getum eft DKG á Íslandi.

Guðrún Edda Bentsdóttir stjórnar umræðum. Ekki tókst að skipta hópnum í Chat-rooms á Zoom þannig að hver og einn formaður fékk 3 mínútur til að hugleiða spurningar Guðrúnar Eddu sem hljóða svo:

- 1) Punktið niður 2 atriði í framkvæmdaáætlun sem þið eruð ánægðar með og viljið að landssambandið vinni með.
- 2) Nefnið 1 atriði sem þið teljið að ykkar deild geti gert betur. Hver eru sóknarfærin í þinni deild?

Í heildina má segja að formenn deilda hafi sammælst um að efla samstarfið, nýta mannauðinn sem deildir búa yfir, efla kynningarstarfið og fjölga konum í deildum. Ábendingar og umræður um að þjóðfélagsbreytingar kalla á að ekki er lengur við hæfi að fólk, sem deildir kalla til sín til sér til fróðleiks og eflingar, gefi vinnu sína. Stjórnin hvetur formenn til að fylgjast með bæði Alþjóða- og Evrópustarfi og jafnvel taka upp samskipti við erlendar deildir.

13. Breytingar á framkvæmdaáætlun á grundvelli umræðna

Stjórn skoðar einstaka orðalag og tillögur um einkunnarorð næstu tveggja ára en fram komu 2 tillögur: annars vegar, lærum og leiðum, og hins vegar, faglegar og framsækna.

14. Framkvæmdaáætlun lögð fram til samþykktar.

Guðrún Edda leggur fram framkvæmdaáætlun til samþykktar með þeim ábendingum sem fram hafa komið og fínþússar áætlun samkvæmt þeim. Það er samþykkt.

15. Fjárhagsáætlun lögð fram til umræðu og samþykktar.

Kristín Helgadóttir, gjaldkeri DKG, fer yfir fjárhagsáætlunina og er hún samþykkt einróma.

16. Haustráðstefnan – hvernig og hvar?

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, fyrrverandi forseti, fer yfir ástæður þessa að framkvæmdaráðsfundurinn var færður yfir á ZOOM, annars vegar vegna aðstæðna í þjóðfélaginu en fyrst og fremst vegna tilmæla frá hóteli. Ekki þótt ráð að hafa haustþing líka á ZOOM í beinu framhaldi af framkvæmdaráðsfundinum. Því ákvað stjórnin að heyra í formönnum með það. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni með haustþingið og reifar Ingibjörg Elsa þá með formönnum. Flestir voru sammála um að þreyta væri komin í ZOOM fundahald og þrátt fyrir að félagskonur væru orðnar óþreyjufullar eftir að hittast að þá væri óvissan um þjóðfélagsástandið það mikið að ekki væri vert að eyða miklu púðri í að spá í haustþing. Betra væri að bíða til vorsins eftir vorþingi með von um að þá verði hægt að hittast í raunheimi. Ingibjörg Elsa lagði því til að haustþing yrði fellt niður og bar Guðrún Edda þá tillögu upp til samþykkar og var einhugur í að samþykkja tillöguna.

17. Vorráðstefna – tillaga að tíma- og staðsetningu.

Guðrún Edda ber upp tillögu þess efnis að vorráðstefnan verði haldin þann 7. maí 2022 í Reykjavík og verði einn dagur, t.d. frá 11-16, þannig að landsbyggðarkonur geti komið að morgni og farið að kvöldi. Það er góður fyrirvari og nægur tími til að aðlaga undirbúning og taka mið að þjóðfélagsaðstæðum eins og þær verða þegar þar að kemur.

Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir